

Nd. **660. Frumvarp til laga** [234. mál]
um breyting á lögum nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 19 5. apríl 1968.

(Eftir 3. umr. í Ed., 2. maí.)

1. gr.

Fyrsta málsgrein 6. gr. laga nr. 68/1967, orðist þannig:

Heimilt er Iðnlánasjóði, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka lán í innlendri eða erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til þess að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

2. gr.

7. gr. laga nr. 68/1967, sbr. lög nr. 19/1968, orðist þannig:

Starfa skal í Iðnlánasjóði lánadeild veiðarfæraíðnaðar, er hafi þann tilgang að efla og styrkja innlendan veiðarfæraíðnað.

Tekjur lánadeildar eru:

1. Framlög, er veitt kunna að verða úr ríkissjóði eða á annan hátt.
2. Vextir.

3. gr.

Við 1. mgr. 10. gr. laganna bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:

5. Til framkvæmda, er auka hollustu og öryggi og bæta starfsumhverfi á vinnustöðum.

4. gr.

Lög þessi öðast þegar gildi, þó öðlast ákvæði 2. gr. ekki gildi fyrr en 1. janúar 1978.